

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Skýrsla forseta Kiwanisklúbbsins Skjaldar til svæðisráðstefnu sem haldin er á Siglufirði 25. apríl 2015.

Léttir og hressir komu Kiwanismenn til síns heima eftir velheppnaðan svæðisráðsfund á Akureyri í byrjun nóvember á s.l. ári. Ekki spillti mjög vel heppnuð árshátíð svæðisins sem haldin var í lok ráðstefnunnar. Árshátíðin til eftirbreytni til að þjappa liðinu saman og kynnast betur.

Starf Skjaldar hefur verið með nokkuð hefðbundnum hætti á starfsárinu. Haldnir hafa verið 11. félagsfundir frá í nóvember og hefur mæting verið sæmileg. Jafnmargir stjórnarfundir hafa verið haldnir. Jafnan hafa verið fyrirlesarar á fundunum nema félagsmálafundum og hefur það verið vel heppnað. Almættið og stjórnvöld hafa tekið seinn toll af félagatölunni og hafa tveir félagar látist frá því í nóvember og eiginmaður sýslumannsins var fluttur burt þegar það starf var lagt niður á Siglufirði.

Jólin og áramótin voru hefðbundin, jólafundur í desember þar sem sóknarpresturinn leggur eitthvað gott til málanna, jólaball fyrir yngri kynslóðina var haldið á annan dag jóla og var vel heppnað. Dansað kringum jólatré og jólasveinar skemmtu börnunum og færðu þeim nammi. Það kætti ýmsa að nú lykta jólasveinarnir öðruvísi en oft áður. Þrettándabrenna var haldin að venju með flugeldasýningu og dagsleik á eftir. Efsti bekkur grunnskólans aðstoðar okkur við brennuna, skaffa kónginn, drottninguna og allar forinjur sem fylgja og fylgja ber en hljóta að launum veglega pizzuveislu í Kiwanishúsinu og fá þá afhenta einhverja aura í ferðsjóð sinn.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Milli jóla og nýárs fór fram árlegt kjör íþróttamanns ársins í Fjallabyggð sem klúbburinn hefur staðið að í 35 ár nú hin síðari ár í samvinnu við Ungmenna- og íþróttabandalag Fjallabyggðar. Kjörinn er íþróttamaður ársins og veittar viðurkenningar þeim sem skarað hafa framúr í hinum ýmsu íþróttagreinum, bæði yngri og eldri iðkendur. Þá er og veitt viðurkenning til einstaklings sem hefur starfað dyggilega fyrir íþróttahreyfinguna í gegnum árin. Allt þetta tókst með ágætum.

Bóndadagurinn er alltaf fjörmikill með veglegu þorrablóti og tilheyrandi gamanefni. Emblur voru heimsóttar í mars, sameiginlegur fundur á Akureyri, og komu Skjaldarsveinar við í bruggverksmiðjunni Kalda á leið til fundarins tóku út framleiðslu verksmiðjunnar.

Tíminn undanfarið hefur farið í að undirbúa svæðisráðstefnuna og árlega síldarfund sem haldinn er í bátahúsi Síldarmynjasfansins. Hjálmaafhending í grunnskólanum eftir síldarfundi svo og kynningarhelgi á Glerártorgi. Símaskrárnefnd á fullu við að koma út símaskrá Siglufjarðar og Fljóta, en það er ein helsta tekjuöflun klúbbsins.

Allir fundir klúbbsins hafa verið haldnir í Kiwanishúsinu og eru allir fundir matarfundir. Húsnefnd hefur haft veg og vanda af matseldinni og má með sanni segja að alltaf sé veisluborð.

Starf vetrarins hefur verið hefðbundið, fundir góðir, finir fyrirlesarar og ánægja og samheldni verið meðal félaga.

Ómar Hauksson
Forseti Skjaldar.